

**471. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, fimmtudaginn 19. júní 2014
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason formaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Berglind Eir Egilsdóttir varamaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir eru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

Oddviti kynnti afbrigði við dagskrá að inn kemur nýr liður, Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps og verður sá liður nr. 12 og færast aðrir liðir neðar sem því nemur.

Samþykkt.

Dagskrá:

1. 1406035 - Ráðning sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps 2014-2018.

Indriði vék af fundi og tók Berglind Eir hans sæti. Ásgeir Jónsson varaoddviti tók við stjórn fundarins.

Varaoddvita falið að gera drög að ráðningarsamningi við sveitarstjóra og leggja fyrir næsta fund.

Samþykkt samhljóða.

2. 1406033 - Fasteingafélag Tálknafjarðar, drög að stofnskjöllum.

Berglind Eir vék af fundi og tók Indriði aftur sæti og við stjórn fundarins.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að stofna fasteignafélag og er hlutfé 500 þús.kr.

Samþykkt samhljóða.

3. 1406032 - Áætlun til þriggja ára um refaveiðar. 2014.

Sveitarstjóra falið að óska eftir samstarfi við Vesturbyggð í þessum málaflokki.

Samþykkt samhljóða.

4. 1311042 - Niðurfelling á endurgreiðsluskyldu á Jarðhitaláni.

Sveitarstjóri kynnti svarbréf Tálknafjarðarhrepps til Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis.

5. 1312029 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir mál sem eru í vinnslu s.s málefni tengd fráveitu og

endurnýjun á lögn að sundlaug. ofl.

6. 1406047 - Umsókn um leyfi til hundahalds í Tálknafirði

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um hundahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt. Samþykkt samhljóða.

7. 1406046 - Umsókn um leyfi til hundahalds í Tálknafirði

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um hundahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt. Samþykkt samhljóða .

8. 1406045 - Umsókn um leyfi til hundahalds í Tálknafirði

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um hundahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt. Samþykkt samhljóða.

9. 1406044 - Umsókn um leyfi til hundahalds í Tálknafirði

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um hundahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt. Samþykkt samhljóða.

10. 1406053 - Beiðni um stuðning við starf Hrósins í þágu barna og ungmenna á Grænlandi og á Íslandi

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu. Samþykkt samhljóða.

11. 1406057 - Sameining sýslumannsembættu á Vestfjörðum.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps hvarmar þá aðferðarfræði sem viðhöfð er við staðsetningu á sýslumannsembættum og lögreglustjórum skv nýju lagafrumvarpi sem samþykkt var á vörpingi. Sveitarstjórn vill taka fram að fullur skilningur er á hagræðingarkröfu í ríkisrekstri. En sú lítilsvirðing sem sveitarstjórnarstiginu er sýnd með því að ríkisvaldið ákveður hvar viðkomandi stofnanir eiga að vera er algjörlega óþolandi. Í umræðuskjali sem fylgir tillögu að reglugerð um staðsetningu sýslumanna og lögreglustjóra er talað um að koma í veg fyrir byggðaröskun. Á norðursvæði vestfjarða er líka starfræktur héraðsdómur vestfjarða. Það er því undarleg rök að bera fyrir sig að verið sé að koma í veg fyrir byggðaröskun með núverandi ákvörðun.

Það er sorglegt þegar unnið er að því að færa ákvörðunarvaldið nær íbúum þá skulu svona gróf inngríp eiga sér stað hjá ríkisvaldinu. Nær hefði verið að gefa sveitarstjórnnum tækifæri til að koma að staðsetningarvalinu, myndi það ýta undir frekari samvinnu og sameiningu

sveitarfélaga og jafnframt yrðu ákvarðanir um staðsetningu á opinberri þjónustu í samræmi við þá framtíðarsýn sem íbúar á vestfjörðum hafa um byggðarþróun. Einnig yrði þá tekið tillit til lykilþátta, eins og samgöngur sem virðast alveg hafa gleymst í umræddri tillögu, en vert er að geta þess að um þúsund kílómeta ferðalag er að fara fyrir íbúa á sunnan verðum vestfjörðum á norðursvæðið stóran hluta ársins.

12. 1406028 - Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps.

Kosningar í nefndir Tálknafjarðarhrepps.

Atvinnu- og hafnarnefnd.
Björgvin Sigurjónsson
Björgvin Smári Haraldsson
Kristinn Hilmar Marinósson
Til vara:
Berglind Eir Egilsdóttir
Margrét Magnúsdóttir
Bjarni Magnússon

Kjörstjórn við sveitarstjórnar og alþingiskosningar.
Lilja Magnúsdóttir
Pálína Kr. Hermannsdóttir
Sigurvin Hreiðarsson
Til vara:
Inga J. Jóhannesdóttir
Kristjana Andrésdóttir
Berglind Eva Björgvinsdóttir

Byggingar-, skipulags-, og umhverfisnefnd.
Sigurvin Hreiðarsson
Lilja Magnúsdóttir
Aðalsteinn Magnússon
Til vara:
Benedikt Davíð Hreggviðsson
Guðmundur Sæmundsson
Jón Örn Pálsson

Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefnd.
Guðlaug Björnsdóttir
Eva Dögg Jóhannesdóttir
Kristrún Guðjónsdóttir
Til vara:
Víðir Jónasson
Berglind Eir Egilsdóttir
Aðalsteinn Magnússon

Almannavarnarnefnd.
Indriði Indriðason
Til vara:
Ásgeir Jónsson

Fjallskilanefnd.
Marinó Bjarnason.

Til vara:
Jón Örn Pálsson

Félagsmálanefnd.
Berglind Eir Egilsdóttir.
Til vara.
Jenný Lára Magnadóttir.

Barnaverndarnefnd:
Elísabet Kjartansdóttir.
Til vara.
Tara Sverrisdóttir.

Hafnarsamband sveitarfélaga.
Indriði Indriðason.

Samráðsnefnd sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.
Indriði Indriðason og Ásgeir Jónsson.

Þjónustuhópur aldraða.
Anna Árdís Helgadóttir.
Til vara.
Gerður Rán Freysdóttir.

13. 1406018 - Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Til kynningar

Sveitarstjórn er komin í sumarfrí og er næsti fundur sveitarstjórnar þann 19. ágúst.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21.17.

_____	_____
_____	_____
_____	_____

